

Lýsingar á valgreinum

Gamlar klassískar kvikmyndir (Lota 1 og 2)

Frábært val fyrir kvikmyndaáhugafólk. Horft verður á klassískar kvikmyndir sem kennari og nemendur velja í sameiningu og ýmis verkefni unnin í tengslum við þær. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Umhirða og snyrting (Lota 1 og 3)

Nemendur fá innsýn og fræðslu um umhirðu líkama og húðar, læra um helstu húðgerðir, kynnist mismunandi aðferðum við hreinsun húðarinnar, læra að hreinsa húðina og hvað ber að varast við val á hreinsivörum. Einnig verður farið í undirstöðuatriði í förðun eins og val á farða, skyggingar, highlighter, augnförðun, varir o.fl. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Smíði (Lota 1, 2, 3 og 4)

Nemendur velja sér sjálfir viðfangsefni, sem þeir hanna og vinna að um veturinn. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Myndmennt (Lota 1, 2, 3 og 4)

Áfangi þar sem snert er á nokkrum greinum myndlistarinnar. Til dæmis: málun, vatnslitun og teiknun. Kennd verður beiting áhaldna á hverju sviði og mynddæmi sýnd þar sem efnin sem vinna á með eru í forgrunni. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Skólahreysti (Lota 1, 2 og 3)

Greinin er hugsuð fyrir þá sem vilja taka þátt í Skólahreystikeppni grunnskólanna. Æfðar verða sérstaklega þær greinar sem keppt er í. Þeir sem skrá sig í þennan áfanga munu hugsanlega keppa fyrir skólans hönd þegar þar að kemur. Nemendur þurfa að hafa lokið 7. stigi í sundi. Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum og framkomu.

Fatasaumur (Lota 1 og 2 – tveggja lotu val)

Nemendur saumi fatnað að eigin vali, joggingbuxur, náttbuxur, peysu eða barnaföt. Farið verður í hvernig snið eru notuð og nemendur læra að leggja snið á efni. Nemendur velja efnin og vinna flíkina frá grunni, sem þeir hanna og vinna að. Skipuleggja vinnuferli, gera skissu og útfæra sína hugmynd í fullunnið verk. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Kajak (Lota 1 og 4)

Í kajakróðri verða fjörur Vogavíkur og nánasta umhverfi skoðað. Í upphafi er farið yfir helstu öryggisatriði og áratök kennd. Farið er yfir nauðsynlegan búnað og meðferð hans, hverju þarf að huga að fyrir hverja ferð. Í kajakróðrum verða alltaf tveir kennarar sem sótt hafa tilskilin öryggisnámskeið. Ítrustu varkárni er gætt. Öryggisins vegna er nauðsynlegt að þeir nemendur sem eru í kajak hafi náð sundstigi síns bekkjar og stundi sundtíma. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Tasty (Lota 1)

Nemendur og kennari útbúa verkáætlun í sameiningu þar sem viðfangsefnið er „Tasty“, réttir sem eldaðir eru eftir myndböndum sem finna má á tasty.com og oft má sjá bregða fyrir á samfélagsmiðlum.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Bangsasaumur / Macrame (Lota 1 og 3)

Nemendur teikni eða finni form á netinu af bangsa eða mjúku dýri eða fígúru. Notað verður mjúkt bangsaefni og saumað í vél. Nemendur saumi föt og fylgihluti á bangsann. Macrame er hnýtingaraðferð sem nemendur fá að prufa og læra undirstöðu hnútana í ýmsum smáverkefnum. Þegar því er náð velja nemdur að gera blóma- og/eða vegghengi.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Líkamsrækt (Lota 1, 2, 3 og 4)

Farið verður yfir æfingaplön, næringu og tækni. Valið miðast við að viðkomandi læri að æfa líkamsrækt af ábyrgð og skynsemi. Farið verður í gegnum æfingaplön sem sannað hafa gildi sitt og nemendum leiðbeint miðað við hvaða áherslur þeir vilja. Einnig verður horft á myndbönd tengd kraftlyftingum og kraftasporti.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.

Leir (Lota 1 og 2 – tveggja lotu val)

Nemendur kynnst helstu aðferðum við leirmótun. Unnar eru teikningar af hlutunum áður en þeir eru mótaðir. Kynntar verða mismunandi aðferðir við skreytingu hlutanna.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Aðstoð í kennslu (Lota 1, 2, 3 og 4)

Nemendur kynnist fjölbreyttu starfi Stóru-Vogaskóla og fá innsýn í þau störf sem þar eru.

Nemendur aðstoði yngri nemendum í kennslustund, t.d. í lestrarþjálfun eða öðrum greinum.

Tímasetningar eru ákveðnar í samráði við aðstoðarskólalastjóra.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.

Frístund (Lota 1, 2, 3 og 4)

Nemendur vinna með yngri nemendum og hjálpa þeim í leikjum og verkefnum Frístundar.

Hægt er að velja hvaða dag vikunnar sem hentar nemanda.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.

Kökuskreytingar (Lota 2 og 4)

Nemendur læra að baka bæði kökur og bollakökur og skreyta þær síðan á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Útivist (Lota 2)

Farið verður í styttri og lengri göngur um nágrenni Voga. Skoðum meðal annars staði sem sennilega fáir hafa komið á. Farið í ýmsa útileiki og haft gaman utandyra.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Spil og skák (Lota 2)

Í þessu vali kynnst nemendur ýmskonar borðspilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum, skák sem er góð þjálfun í einbeitingu og rökhugsun sem og ýmsum spilum sem spiluð eru á spilastokk. Nemendur kynnst spilunum og reglum sem fylgja hverju spili fyrir sig. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.

Ömmubakstur (Lota 2)

Markmið áfangans er að nemendur læri og kynnist aðferðum og uppskriftum sem ömmur okkar bökuðu. Allskonar góðgæti sem var á flestum veisluborðum eins og t.d. brauð, kökur, kleinur og fleira.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Tie-Dye (Lota 2 og 4)

Tie-dye er litun á mismunandi efnivið. Stundum kölluð teygjulitun, eða mynsturgerð með límbandi. Síðan eru mismunandi litir notaðir til að búa til skemmtilegt mynstur. Nemendur gera sitt eigið mynstur með ýmsum aðferðum: tie-dye, þrykk, batík, stimplun o.fl. Sauma síðan nytjahluti úr efninu.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Borðspil og púsl (Lota 3 og 4)

Nemendur kynnst ýmsum borðspilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum. Eins verður pússlað sem er góð æfing í hugarró og rýmisgreind. Góð æfing í samskiptum og félagsfærni. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Textíll (Lota 3 og 4)

Nemendur vinna textílverkefni út frá eigin hugmynda- og hönnunarvinnu. Nemendur geta valið um að vinna flík eða annan textíl ss. nytjahlut eða skart. Boðið er upp á kennslu í mismunandi textílaðferðum ss. prjón, vélsaum, útsaum og hekl. Nemendum stendur til boða að vinna með liti, form, munsturgerð, sníðagerð og læra að vinna frá hugmynd að framkvæmd og skráningu vinnuferlis. Nemendur tileinka sér skipulögð vinnubrögð með nýsköpun að leiðarljósi.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Tilraunir (Lota 3)

Markmiðið er að gera ýmsar tilraunir í náttúrugreinum, eðlisfræði og efnafræði. Nemendur koma jafnvel með hugmyndir að tilraunum sem væri hægt að framkvæma. Mikilvægt er að skilja og útskýra hverja tilraun, hvað gerist, hvernig og af hverju t.d með því að notast við mynd og hljóðupptökur af tilrauninni. Öryggi, ábyrg hegðun og frágangur eru mjög mikilvæg atriði. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Íslenskar kvikmyndir (Lota 3)

Frábært val fyrir kvikmyndaáhugafólk. Horft verður á íslenskar kvikmyndir sem kennari og nemendur velja í sameiningu og ýmis verkefni unnin í tengslum við þær.

Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Smáréttir (Lota3)

Nemendur læra að elda ýmsa smárétti sem auðvelt er að galdra fram með stuttum fyrirvara. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Ljósmyndun (Lota 3)

Nemendur læra undirstöðuatriði í ljósmyndun og myndvinnslu. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum

Ítalskir réttir (Lota 4)

Markmið áfangans er að efla áhuga á ítalskri matargerð. Við kynnumst því helsta úr ítalskri matargerð. Við munum elda saman vinsæla rétti og fræðast um uppruna þeirra. Við munum elda saman pasta, pizzu og ýmsa aðra girnilega rétti. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

Þrívídd í pappa (Lota 4)

Unnin verða 1-2 þrívíð verk með pappamassa tækni. Verkin eru fyrst teiknuð upp og síðan er ákveðið hvaða leið er farin í pappamassa tækninni. Verkin eru annaðhvort þakin með lituðum pappír í lokin eða máluð með akríllitum. T.d. er hægt að gera verk sem hangir uppi á vegg eða hangir úr lofti. Verk með spegli í miðju eða bara styttu sem stendur á borði. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

FS valgreinar í boði Allt skólaárið

Þriðjudagar

Enska – ENSK2KO05

Fyrir öfluga nemendur í 10. bekk og þá nemendur **sem eru búnir með námsefni 9. bekkjar.**

Rafmagn – RAFG1KY05

Fyrir áhugasama og metnaðarfulla nemendur í 9. og 10. bekk.

Textíl og hár – TXHÁ1FH05

Fyrir áhugasama og metnaðarfulla nemendur í 9. og 10. bekk.

Miðvikudagar

Stærðfræði - STÆR2AH05

Fyrir öfluga nemendur í 10. bekk og þá nemendur **sem eru búnir með námsefni 9. bekkjar.**

Húsasmíði - HÚSA1KY05

Fyrir áhugasama og metnaðarfulla nemendur í 9. og 10. bekk.

Forritun – FORR2PH05

Fyrir áhugasama og metnaðarfulla nemendur í 9. og 10. bekk, þurfa að hafa góð tök á stærðfræði.

Spænska – SPÆN1SO05

Aðeins fyrir nemendur í 10. bekk, þurfa að vera það góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við tungumáli.

Þýska – ÞÝSK1ÞO05

Aðeins fyrir nemendur í 10. bekk, þurfa að vera það góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við tungumáli.